7. **Björn (eða Bjarni) Einarsson.**

Stutt frásögn af honum og nokkrar vísur, er hann hefur ort.

2 blöð qto. Reykjavík, 27.nóvember 1940

# Björn (eða Bjarni) Einarsson,

er var á Ytra-Vatni í Skagafirði; fluttist að Straumi í Hraunum í Gullbringusýslu.

Systkyni hans hétu Einar, Bergljót, Sæunn, og Jóhann, (er varð úti í Vatnsskarði) og Benjamín.

Einar gekk aldrei í buxum, heldur sauðsvörtu skot-haldi; hann var jafnan í úlpu, kraktri með líningum fremst í ermunum og voru ermarnar víðar mjög að framan.

Flest voru systkyn þessi einkennileg, en ógreind ekki; einkum höfðu þau flest skringilegt tal sín í millum og úti við á stundum. Þau nefndu kjöt ýmsum efnum: Væri um hrossakjöt að ræða nefndu þau það ~~klauf~~hófflax, en kjöt af kindum og kúm nefndu klaufflax; flot nefndu þau of-rás o.s.frv.

Öll voru þau sérlunduð mjög, greind á ýmsum sviðum og ráðvönd.

— . —

Þótt fátt annað en þetta sé kunnugt um systkyn þessi en það sem hér er lauslega tekið fram, hafa varðveitzt vísur nokkrar eftir þennan Björn (eða Bjarna). Sennilega vantar þó eitthvað í vísnabálk þennan. Er hann um æskustöðvar Björns (eða Bjarna), Skagafjörð og það, að hann hafi komizt í hérað nokkurt, þar sem fénað sé að finna (dýrapláss), enda er Hraunin ein hin bezta útigangssveit. Hann bendir á, að bær hans heiti Straumur.

Fagra jörð mín, fóstursveit,
fjörður Skaga-, menntum búin. (Skagafjörður)
þekkti ég ungur þennan reit;
þar var ég bæði hress og lúinn.

— — —

Fögruhlíðar fjöllin ~~blá~~ há,
fylkja sér með dölum grænum,
vötn, ár, lækir vermum frá
venda sér að bláum sænum.

— — —

Þá var rótt um ritin forn,
og róstur var kappar fyrri tíða,
skildi, barða, skálm og horn
skotvopn, hjálm og brynjur fríðar.

— — —

Burt mig þaðan flutti fljótt,
forlaganna sterki ~~straumur~~ taumur,
dró mig með sér dag og nótt
í dýrapláss, — og það var straumur

— — —

Fékk ég (orð) af fróðum þar,
og fákunskan vann mér til baga,
upplýsingin öll mér var,
eins og fríð þang á Skaga (utan Skagafjarðar)

27. nóv. 1940 [signature]